

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Litlavík úr Neðra-Seli, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. febrúar 2018, tillögu að deiliskipulagi fyrir Litlavík, spildu úr landi Neðra-Sels. Tillagan tekur til um 2 ha svæðis þar sem gert verði ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, gestahúss og skemmu. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 6. mars 2018.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. mars 2018